



Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 3. fundur

haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa Hnjúkabyggð 33, 28. júlí 2015

og hófst kl. 13:00

**Fundinn sátu:**

Ágúst Þór Bragason, embættismaður  
Bjarni Þór Einarsson, byggingarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** ,

**Dagskrá:**

**1. Sturluhóll - Umsókn um byggingarleyfi - 1507003**

Tekin til afgreiðslu byggingarleyfisumsókn frá Atla Þór Gunnarssyni, kt. 030682-5489. Umsókn um byggingarleyfi til að einangra og klæða íbúðarhúsið að Sturluhóli að utan, landnr. 145446.

*Aðaluppdráttur ásamt skráningartöflu gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi, fylgir umsókninni. Uppdráttur nr. 100, 101 og 102 í verki nr. 2015-022, dagsettur 29.06.2015.*

*Framlögð gögn móttækin 5. júlí sl. gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum. Byggingarleyfi veitt.*

**2. Húnabraut 2A - Umsókn um byggingarleyfi - 1501001**

Tekið fyrir erindi frá Blönduós bæ samþykkt á fundi skipulags- byggingar- og veitunefndar Blönduós bæjar 1. október 2013. Lagður var fram eldvarnaruppdráttur af Blönduskóla, Húnabraut 2a unnin af Verkfræðistofunni Stoð ehf. SBV samþykkir nýjan uppdrátt og útlitsbreytingu á húsinu.

*Fram eru lagðir séruppdrættir af ísetningu og frágangi glugga og gluggaveggja í kennslustofum en í þeim veggjum er upphitunar- og loftræstikerfi. Séruppdrættir eru unnir hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Magnúsi Ingvarssyni byggingarfræðingi. Teikning A-201 og A-202 dags. 24. júlí 2015. Einnig liggja fyrir frumdrög af lagnateikningum fyrir hita- og loftræstikerfið unnar hjá EFLU verkfræðistofu af Grétari Grímssyni. Framlögð gögn móttækin 27. júlí sl. gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum. Byggingarleyfi veitt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00**

---

---

---

---